

Fundur í fagráði nautgriparæktar 22. október 2015

Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 16.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Björn S. Gunnarsson, Sigurður Loftsson, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Þórarinn Leifsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Umsóknir í þróunarsjóð
 - 2.1. Áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur
 - 2.1. Hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjárrækt
3. Skuldbindingar þróunarsjóðs

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

2. Umsóknir í þróunarsjóð.

Guðný Helga fór yfir þær umsóknir sem bárust í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar að þessu sinni en umsóknarfrestur var til 1. okt. s.l.

- 1. Áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur (með sérstaka áherslu á fituinnihald mjólkur)**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Baldursdóttir. Umsóknin er endurnýjun á umsókn um verkefni sem sótt var um styrk til í apríl 2014 en ekki reyndist unnt að vinna vegna breytinga á starfsmannahaldi. Verkefnið fékk vilyrði um styrk á þeim tíma. Um er að ræða tilraun með hvaða efnapættir í fóðri hafa áhrif á efnainnihald mjólkur og þá hver.

Sótt er um 6.500 þús. kr. og heildarkostnaðaráætlun hljóðar upp á 9.940 þús. kr. Auk þess er fyrirhugað að sækja um 1.900 þús. kr. til Samtaka afurðasöðva í mjólkuriðnaði (SAM). Fagráð telur umsókn gera ráð fyrir of háu hlutfalli styrkfjár af heildarumfangi og framlag umsækjanda of lágt eða aðeins rétt rúm 15%.

Afgreiðsla: Fagráð mælir með þessari umsókn með lægri hlutdeild þróunarsjóðs en umsókn gerir ráð fyrir og að verkefnið verði því styrkt um allt að kr. 5.100.000.
- 2. Hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjárrækt**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Emma Eyþórsdóttir.

Verkefnið felst í því að fara yfir aðferðir og verkfæri sem nýtast til að meta hagrænt vægi helsu eiginleika í nautgripa- og sauðfjárrækt, afla gagna sem til þarf, vinna úr þeim með viðurkenndum aðferðum fræðanna og nýta niðurstöður við endurskoðun heildareinkunnna í báðum búgreinum. Sótt er um sömu upphæð í bæði þróunarsjóð nautgripa- og

sauðfjárræktar.

Afgreiðsla: Umsóknin gerir ráð fyrir mjög víðtæku samstarfi stofnana sem fulltrúar í fagráði tengjast með beinum eða óbeinum hætti þannig að fagráð treystir sér ekki til þess að taka afstöðu til hennar að öðru leyti en því að það telur verkefnið bæði áhugavert og brýnt. Fagráð vísar því umsókninni til afgreiðslu í Framleiðnisjóði.

3. Skuldbindingar þróunarsjóðs.

Farið yfir eldri skuldbindingar sjóðsins.

Verkefni Hafþórs Finnbogasonar um nýtt mat á skapi mjólkurkúa reyndist það ódýrt í framkvæmd að umsækjandi sá ekki ástæðu til þess að falast eftir styrknum. Sú skuldbinding verði því felld niður.

Ákveðið að láta kanna stöðu skuldbindinga frá 2011, 2012 og 2013, þ.e. senda forsvarsaðilum bréf og spyrjast fyrir um stöðu verkefna. Séu verkefni ekki í eðlilegum farvegi og nokkurn veginn innan þess tímaramma sem umsókn gerði ráð fyrir verði skuldbindingar eða eftirstöðvar vegna þeirra felldar niður.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Sigurður Loftsson

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Þórarinn Leifsson

Björn S. Gunnarsson

Fylgiskjöl:

1. Umsóknir í þróunarsjóð.
2. Yfirlit yfir skuldbindingar þróunarsjóðs.